


# Breyting á deiliskipulagi: "Hafnarfjörður - miðbær"



Gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjrstjórn Hafnarfjarðar 28.05.2014 Mkv. 1:1000

**Strandgata 26-30.**  
Breyttir skilmálar:  
Samtals lóðastærð: 1.397,5 m<sup>2</sup> (Samkvæmt mæliblaði)  
Hámarks byggingarmagn: 4.611 m<sup>2</sup>  
Hámarks nýtingarhlutfall án bilageymslu: 3,3  
Hámarks veggshæð: 13,5 m  
Hámarks mænisshæð: 16,0 m

**Fjarðargata 13-15.**  
Núverandi deiliskipulag samþykkt í bæjrstjórn:  
Samtals lóðastærð: 4081,2 m<sup>2</sup>  
Hámarks byggingarmagn: 11613,0 m<sup>2</sup>  
Hámarks nýtingarhlutfall: 2,9

## Greinargerð:

Í þeirri breytingu á gildandi deiliskipulagi sem hér er lögð fram, er gert ráð fyrir sameiningu lóðanna nr. 26,28 og 30 við Strandgötu. Hin sameinaða lóð verður Strandgata 30. Húsið verður 4 hæðir með innreginni 5. hæð. Hæðir útvægja og þaks er óbreytt frá gildandi deiliskipulagi. Gera skal ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi á 1. hæð hússins, en íbúðarhúsnæði á 2-5 hæð.


Bílakjallari er heimilaður undir öllu húsinu. Byggingarreitur efstu hæðar er færður inn frá frá Strandgötu sem nemur 4m og við það færast byggingarreitur innreginnar efstu hæðar til suðvesturs sem því nemur. Ekki er heimilt er að láta svalir kraga út fyrir byggingarreit á þeirri hlið húss sem snýr að Strandgötu meir en 60sm. Á suðvesturhlíð er heimilt að láta svalir kraga út fyrir byggingarreit efnishæða allt að 3m. Útskagandi byggingarhlutar (útsýnisgluggar o.þ.h.) eru þó leyfir allt að 60 sm. út fyrir byggingarreit. Heildar stærð/flatarmál útskagandi byggingarhluta má þó ekki yfirstiga 20% af flatarmáli viðkomandi húshliðar. Við hönnun á byggingarhlutum sem ná útfyrir byggingarreit, skal taka mið af reglugerðar ákvæðum sem varða eldvarnir, öryggismál og skerðingu á friðhelgi (innsýn). Heimilt er að láta stigahús vera innan byggingarreits 1. hæðar en ná út fyrir innregna 5. hæð. Hæðarskil stigahúss tekur mið af kröfum um öryggisrými.

Samkvæmt deiliskipulagi er gönguleið frá Strandgötu að verslunarmiðstöðinni Firdi. Gönguleiðin er um 4-5 m rúmgóð undirgöng í gegnum húsið að Strandgötu 30. Undirgöngin eru að jafnaði opin og greið í samræmi við opnunartíma rekstraraðila í þjónusturýmum í götuhæð. Ennfremur er gert ráð fyrir möguleika á samtengingu atvinnuhúsnæðis húsnanna Strandgötu 26-30 og Fjarðargötu 13-15.

Lóðin Strandgata 30 er í upphaflega 3 lóðir. Við hönnun nýbyggingar á lóðinni skal haft að leiðarljósi, að brjóta upp mannvirkid í hlutföllum og formi. Slíkt skal gert með vönduðu efnisvali, litavali, áferðum og stöllum (útskotum).

Taka skal mið af hlutföllum og efnisvali aðliggjandi byggðar. Húshlið að Strandgötu skal vera þrískipt og endurspegla blæ götunar með nútímalegu ívafi.

Að öðru leyti gilda áfram sömu skilmálar.



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Mkv. 1:1000

## Strandgata 26-30.

Breyttir skilmálar:  
Samtals lóðastærð: 1.752,0m<sup>2</sup>  
(Samkvæmt mæliblaði eftir stækkun lóðar)  
Hámarks byggingarmagn: 5.980m<sup>2</sup>  
Hámarks nýtingarhlutfall án bilageymslu: 3,41  
Hámarks nýtingarhlutfall með bilageymslu: 4,5  
Hámarks hæð: 16,0m

## Greinargerð:

Heimilt er að byggja 5 hæðir og kjallara og tengibyggingu 2 hæðir.

Gera skal ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi á 1. hæð hússins og tengibyggingu, en hóteli eða íbúðarhúsnæði á 2.- 5. hæð.

Bílakjallari, geymslur og sorpgeymslur eru heimilar undir húsinu og gegnumakstur að honum um kjallara á Fjarðargötu 13-15.

Heimilt er að draga inn hluta 1. hæðar að Strandgötu 26-30 og allt að 30% af langhlíðum út og inn fyrir svalir og útskot. Heimilt er að allt að 40% langhlíða nái hámarkshæð.

Við hönnun á byggingarhlutum sem ná út fyrir byggingarreit, skal taka mið af reglugerðarákvæðum sem varða eldvarnir.


Heimilt er að láta stigahús ganga upp fyrir hæðarmörk 5. hæðar sem nemur kröfum um öryggisrými í lyftum, loftræsingum, o.þ.h. þó aldrei meira en 2m.

Gönguleið í gegnum tengibyggingu skal að jafnaði vera opin og greið í samræmi við opnunartíma rekstraraðila í þjónusturými 1. hæðar.

Heimilt er að samtengja atvinnuhúsnæði húsnanna Strandgötu 26-30 og Fjarðargötu 13-15.

Við hönnun nýbyggingar á lóðinni skal haft að leiðarljósi að brjóta upp mannvirkid í hlutföllum og formi.

Að öðru leyti gilda áfram sömu skilmálar.



## Skýringar:

- Mörk skipulassvæðis
- Núverandi hús
- Útlinur lóða
- Nýbyggingar / byggingarreitur
- Byggingarreitur fyrir viðbyggingar
- Bindandi byggingarlína
- Mænisstefna
- Götur
- Opin svæði, bæjarland
- Opinberir garðar og torg
- Bílastæði
- Megin gönguleiðir
- Afmörkun götureita R1-5
- Akstursstefnur
- Innkeyrsla í bílastæðishúskjallara
- Byggingarreitur bilgeymslu neðanjarðar
- Hús viki
- Núv. hús sem vikur ef nýtt verður byggt
- Kvæð um umferð
- Byggingarreitur
- Byggingarreitur 1.-4. hæð
- Mörk skipulagsbreytinga
- Tengibygging 2h
- Kvæð um mótvegisaðgerðir vegna vinda
- Húshæðir, f= flatt þak, ll= þrjár hæðir, R=ris>14°, r=ris<14°, p= port < 1,1m, k= kjallari.

ÚTGÁFA A I TEIKNAD HI I YFIRFARID VH I DAGS 05.07.2016  
BREYTINGAR Uppdráttur lagfærður.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt

í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann ..... 2016

f.h. skipulags- og byggingarráðs

og í bæjrstjórn Hafnarfjarðar þann ..... 2016

f.h. bæjrstjórnar

Tillagan var auglýst frá ..... 2016 til ..... 2016

með athugasemdafresti til ..... 2016

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann .....

ASK ARKITEKTAR EHF  
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319  
www.ask.is



HAFNARFJARÐARBER  
UMHVERFIS- OG TEIKNISVIÐ

ASK  
ARKITEKTAR

VERKEFNI  
STRANDGATA 26-30  
HAFNARFIRDI

TEGUND TEIKNINGAR  
DEILISKIPULAG  
HEITI TEIKNINGAR  
Breyting á deiliskipulagi

MKV. I A2 1:1000  
HANNAÐ VH  
TEIKNAD LGS  
YFRF. PG  
DAGS. 10.06.2016

VERK NR. 1570 AUKENNI - NÚMÉR TEIKNINGAR 06-01 ÚTGÁFA A